

VIÐTALIÐ:


„Ég er alæta á alla myndlist“

— segir Guðmundur Björgvinsson myndlistarmaður

Hann heitir Guðmundur Björgvinsson og er myndlistarmaður af yngri kynslóðinni. Hann er ólærður í

listinni, fyrir utan nokkur námskeið. Sem hann sótti í Bandaríkjunum, er hann dvaldist þar um skeið. Síðustu

fjögur ár hefur hann helgað sig myndlistinni og „svona skrimtir“ að eigin sögn. Hann hefur haldið nokkrar sýningar, bæði í Reykjavík og úti á landi. Að undanförunu hefur hann sýnt 57 verk, unnin með blandaðri tækni í Gallerí Lækjartorgi.



„Geysleg gróska í myndlist á Íslandi í dag,“ Guðmundur Björgvinsson myndlistarmaður. (DV-mynd Bj. Bj.)

„Viðbrögðin? — Þau hafa verið ágæt. Annars er geysleg gróska í myndlist á Íslandi í dag, næstum annar hver maður sem titlar sig myndlistarmann. Samkeppnin er því býsna hörð. Aður fyrr voru myndlistarsýningar viðburður og menn lögðu land undir fót til að sækja þær, en nú verða menn að velja og hafna. Inn í þetta kemur að blöðin beina fólk inn á vissar brautir,“ sagði Guðmundur.

— Hvar stendur þú sjálfur í þeirri baráttu?

„Ég er einhvers staðar í miðjunni, hvorki lofaður né úthrópaður.“

— En hvað eru „góð“ viðbrögð í þínum huga?

„Það er auðvitað best fyrir budduna að allt seljist, hins vegar finnst mér skipta mestu máli að myndir mínar höfði til fólksins, að myndunaraflíð fari úr böndunum, að fólkíð lifi sig inn í myndirnar.“

— Hvað er það sem þú fæst við?

„Mínar myndir eru mitt á milli raunsæis og abstrakts.“

— Hvaða myndlistarmenn meturðu mest?

„Ég er hrfnastur af Picasso, Matisse og Francis Bacon af erlendum vettvangi, reyndar hefur

verið sagt að í verkum mínum gæti vissra áhrifa frá þeim síðastnefnda. Af innlendum myndlistarmönnum er ég hrfnastur af Flóka, Gunnari, Erni og Hringi Jóhannessyni. Annars er ég alæta á alla myndlist og legg mikið yfir listaverkabókum af öllu tagi.“

— Nú ertu ekki langskólagenginn á myndlistarsviðinu og hefur ekkert próf. Hvernig hefur þér verið tekið af öðrum myndlistarmönnum?

„Ég hef verið tekinn gildur, en er þó utangarðsmaður að vissu leyti. Eg fór ekki þessa hefðbundnu leið í gegnum Myndlistarskólann og er ekki inni í neinni svoleiðis „klíku“. Hins vegar fylgist ég vel með því, sem aðrir eru að gera og fer mikið á myndlistarsýningar.“

— Fæstu við eitthvert annað listform?

„Já, ég hef skrifað smásögur í ýmis tímari og á tvær skáldsögur tilbúnar. Önnur þeirra fjallar um bankastarfsmann, sem lifir mjög fábreyttu og einangruðu lífi, og er bókin saga þessa manns. Hin er nokkurs konar uppgjör mitt við trúarbrögð ýmiss konar, dulspeki, jóga og andakukl. Eg var einu sinni á kafi í slíku og því líku, þótt ég hafi aldrei „dottið í það“, eins og þar stendur. Reyndar byrjaði ég á að gera myndir um þetta leyti, þetta voru einskonar táknmyndir sem svo þróaðist út í hreint raunsæi.“

— Ertu afkastamikill listamaður?

„Já, ég býst við því, ég er svokallaður skorpumaður. Vinn eins og brjálæðingur og slappa af þess á milli, en það verður að segjast eins og er að ég held ég sé meiri myndlistarmaður en rithöfundur,“ sagði Guðmundur Björgvinsson.

-KP.

VÉLADEILD SAMBANDSINS
Armúla 3 Reykjavík Sími 38900

- BUICK SKYLARK 6 cyl. Ltd. '81, 280.000
- OLDSM. CUTLASS BROGHAM DÍSil '79, 150.000
- ALFA-SUD '78, 55.000
- GALANT 1600 GL. '80, 105.000
- CHRYSLER LE BARON 4D '79, 205.000
- CH. MALIBU SEDAN '79, 140.000
- FORD FUTURA sjálfsk. '78, 115.000
- MAZDA 929 '80, 115.000
- DATSUN CHERRY '80, 85.000
- OPEL ASCONA sjálfsk. '78, 100.000
- OPEL MANTA sjálfsk., '77, 95.000
- FORD ESCORT '78, 70.000



- DATSUN 280 C dísil '81, 170.000
- TOYOTA COROLLA ST. '80, 95.000
- HONDA CIVIC sjálfsk. '81, 120.000
- CH. Malibu CL ST. '79, 170.000
- RANGE ROVER '76, 170.000
- CH. CAPRICE CLASSIC '79, 220.000
- TOYOTA CROWN dísil, '80, 150.000
- M. BENZ 300 5 cyl., '80, 250.000
- MAZDA 929 '78, 80.000
- DATSUN DÍSil '80, 160.000
- CH. MALIBU 2D CL '78, 140.000
- CH. MALIBU CLASSIC '79, 170.000
- CH. NOVA 6 CYL. sjálfsk., '78, 110.000
- M. BENZ 300 D '79, 220.000



- OLDSM: DELTA ROYAL D '78, 140.000
- CH. MAILBU st. '81, 280.000
- MAZDA 121 '78, 87.000
- CH. MALIBU '70, 33.000
- CH. CHEVETTE '79, 90.000
- OPEL ASCONA '77, 90.000
- MAZDA 929 '76, 67.000
- CH. MONTE CARLO '79, 210.000
- SCOUT TRAVELLER dísil '80, 350.000
- LAND ROVER dísil, lengri gerð 5 d. '77, 130.000
- SCOUT II 4 cyl., Pick-up, '80, 160.000
- SIMCA 1307 '77, 48.000
- CH. SENDIFERDA, lengri gerð, '79, 175.000
- HONDA ACCORD '81, 4 d., 135.000
- MAZDA 323 5 d., '80, 85.000
- SUBARU 4 x 4 '80, 120.000
- CH. CAPRICE CLASSIC '78, 180.000



OPIÐ LAUGARDAG kl. 13-17 Beinn sími 39810

VÉLADEILD SAMBANDSINS Armúla 3 Reykjavík Sími 38900

**Ferðamála-
fulltrúi
Vesturlands:**

Safnar upplýsingum um alla ferðapjónustu

„Þetta er í fyrsta sinn sem sérstakur ferðamálafulltrúi er ráðinn fyrir ákveðinn landshluta. Hlutverk ferðamálafulltrúa er að samræma starfsemi þeirra sem vinna að ferðamálum á Vesturlandi og safna upplýsingum um ferðamannþjónustu á svæðinu“, sagði Benedikt Jónsson, nýráðinn ferðamálafulltrúi Vesturlands, í samtali við DV.

Starf Benedikts var stofnað að tilhlutan Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og þeirra aðila sem sjá um þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

Benedikt tók við starfi ferðamálafulltrúa þann 1. júní og framundan eru mörg verkefni. Hið fyrsta verður ferð um allt Vesturland í þeim tilgangi að safna skipulega upplýsingum um ferðamannþjónustu í þessum landshluta. Að upplýsingasöfnun lokinni verður gefinn út bæklingur með fróðleik um hótél, tjaldstæði, sumarhús,

sögufræga staði, laxveiðiar, samgöngur á sjó og landi og hvað annað sem ferðamannshjartað kann að gírnast. Bæklingur þessi mun svo liggja frammi á öllum stöðum sem ferðamenn sækja á Vesturlandi.

Benedikt sagði að öllum væri hjartanlega velkomnið að ferðast um Vesturland, en í fyrstu yrði upplýsingadreifing miðuð við innlenda ferðamenn. Astæðuna fyrir þessu kvað hann vera að starfið við upplýsingamiðlunina væri í mótun og íslenski

markaðurinn væri hæfilegur biti í byrjun.

Benedikt kvaðst fullur áhuga á nýja starfinu og vonaðist til að sumarið 1982 yrði gott ferðaár á Vesturlandi. Góðæris væri líka að vænta ef tekið væri tillit til þess hve margt þessi landshluti hefði upp á að bjóða.

Opinbert aðsetur ferðamálafulltrúa Vesturlands verður á skrifstofu Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

-SKJ.

HAKI ram

Vinnupallar til sölu og leigu Einfaldir — traustir — hagkvæmir.

BREIÐFJÖRÐS BLIKSMÍÐJA HE
Leitið nánari upplýsinga að Símtúni 7 Sími 29022

ALLT FYRIR HÁRIÐ.

ADAM & EVA
SKOLAVÖRÐUSTIG 41 - SÍMI: 27667